

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSRÁÐ

Ár 2023, miðvikudaginn 15. mars, kl. 09:04 var haldinn 262. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Alexandra Briem, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Björn Gíslason, Hjálmar Sveinsson, Kjartan Magnússon, Pawel Bartoszek og áheyrnarfulltrúarnir Kolbrún Baldursdóttir og Trausti Breiðfjörð Magnússon. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og Dagný Alma Jónasdóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttur Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. mars, þar sem tilkynnt er að á fundi borgarstjórnar þann 7. mars 2023 var samþykkt að Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir taki sæti sem varafulltrúi í umhverfis- og skipulagsráði í stað Rannveigar Ernudóttur. MSS22060046
2. Lagt fram uppfært fundadagatal umhverfis- og skipulagsráðs fyrir janúar til júní 2023 þar sem tilkynnt er að fjármálafundur fari fram þann 29. mars í stað 12. apríl og að fundur þann 5. apríl verði felldur niður. USK23030154
3. Lögð fram verklýsing/drög að tillögu að aðalskipulagsbreytingu fyrir skotæfingasvæði Álfsnesi, sbr. 1. og 2. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt er að kynna lýsingu að aðalskipulagi í samræmi við 1. og 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leita skal umsagna um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og annarra sem taldir eru upp í 8. lið meðfylgjandi lýsingar skipulagsgerðar, umhverfismats og draga að tillögu og einnig kynna hana fyrir almenningi. Vísað til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson, deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 9:07 tekur Líf Magneudóttir sæti á fundinum. USK23030130

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Unnið er að því að finna skotæfingasvæðinu sem nú er á Álfsnesi nýjan stað. Breyting á Aðalskipulagi árið 2021 átti að tryggja að núverandi starfsemi gæti verið þar áfram tímabundið á meðan ný staður væri fundin. Sú heimild virðist ekki hafa dugað til, því er hér lögð til skýrari tímabundin heimild, með ákveðnum skilyrðum.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Í þessari breytingu er lagt til að legu svæðisins sé breytt vegna komu Sundabrautar. Íbúar á nærliggjandi svæði hafa lengi fundið fyrir hávaðamengun vegna skothvella og kallað eftir breytingum. Við því er nauðsynlegt að bregðast við sem allra fyrst. Auk þess ætti það að vera í forgangi að blý á svæðinu sé hreinsað. Íbúar hafa miklar áhyggjur af fjörunni og sjónum sem verða fyrir barðinu á slíkri mengun.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Með þessari verklýsingu eru boðaðar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 til að skapa skilyrði fyrir starfsemi skotfélaga til skemmri tíma á meðan fundin er framtíðarstaðsetning fyrir félögin. Flokkur fólksins óttast að hér verði ekki um að ræða til “skemmri tíma”. Það mun vissulega byggjast á Sundabraut og þeim iðnaði sem stefnt er að stilla upp þarna. Minnt er á að úrskurðurinn um að fella leyfin úr gildi var ekki að ástæðulausu. Í sextán ár hafa íbúar Kjalarness mátt þola hljóðmengun auk þess sem blý hefur safnast í jarðveginn, sjóinn og á ströndina. Skothvellir eru enginn venjulegur hávaði. Gönguleiðin á Esjuna er í 700 m fjarlægð og bergmál skothvellanna mikið. Einhverjar leiðir hafa verið nefndar sem mótvægisáðgerðir en áhrif þeirra eru óljós. Fulltrúi Flokks fólksins hefur staðið með íbúaráðinu og íbúum sem mótmælir því að þessi starfsemi sé þarna og vill að viðeigandi svæði verði fundið fyrir þessa íþrótt. Hér er um íþrótt að ræða sem er óvenjuleg af því leyti að mikil neikvæð umhverfisáhrif hljótast af henni og er hún skaðleg fólki, lífríki og náttúru. Flokkur fólksins er ekki tilbúinn að fórna svo stóru útivistarsvæði fyrir fámennari hóp skotveiðimanna.

4. Kynning á merkingum sorpiláta í breyttu hirðukerfi.

Friðrik Klingbeil Gunnarsson, ráðgjafaverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK22080136

5. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða, dags. 9. mars 2023 um viðauka við samkomulag um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík ásamt drögum að viðauka við samninginn, án dags, samkomulaginu, dags. 4. apríl 2019 og álit borgarlögmans varðandi framhald samkomulagsins, dags. 19. desember 2022. USK23010052

6. Samgöngustjóri leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

Að óheimilt verði að leggja ökutæki í norðurkanti Eggertsgötu, milli Ingunnargötu og Suðurgötu. Að óheimilt verði að leggja ökutæki í suðurkanti Eggertsgötu, milli Suðurgötu og Njarðargötu.

Samþykkt með fimm greiddum atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins. USK23010018

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Skipulagsyfirvöld leggja til að óheimilt verði að leggja ökutæki í norðurkanti Eggertsgötu, milli Ingunnargötu og Suðurgötu. Að óheimilt verði að leggja ökutæki í suðurkanti Eggertsgötu, milli Suðurgötu og Njarðargötu þar sem borið hefur á því að bílum sé lagt í Eggertsgötu með þeim afleiðingum að ökumenn eiga erfitt með að mætast og getur það skapað hættu fyrir bæði akandi og gangandi vegfarendur. Hefur þetta verið rætt við íbúa við Eggertsgötu og er þetta gert í sátt við a.m.k. meirihluta þeirra? Í sjálfu sér má skilja þessa tillögu en það þurfa þá að vera stæði eða annað úrræði fyrir þá bíla sem ella væri lagt á Eggertsgötu.

7. Samgöngustjóri leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að göngubverun á Háaleitisbraut til móts við Álmgerði verði merkt sem gangbraut. Göngubverunin verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð

nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum. Greinargerð fylgir tillögunni.
Frestað. USK23020355

8. Samgöngustjóri leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að bifreiðastæði við Baldursgötu 14 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða. Bifreiðastæðið verði merkt með viðeigandi umferðarmerki og yfirborðsmerkingu í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum. Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. USK23010018
9. Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa, dags. 9. mars 2023. USK23010150
10. Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Laugardals. Í breytingunni sem lögð er til felst að lóð F og byggingarreitur Laugardalshallar stækka en innan byggingarreitsins er gert ráð fyrir þjóðarhöll fyrir innanhúsiþróttir og viðburði. Hámarks byggingarmagn nýrrar þjóðarhallar er 19.000 m². Jafnframt minnkar lóð G og framlengdur Vegmúli inn í Laugardal og lóð fyrir bílajakjallara sunnan byggingar ÍSÍ og ÍBR eru felld út úr skipulagi, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppd. Landslags, dags. 8. mars 2023. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Þórður Már Sigfússon, verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
USK23020087

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Stutt er að farið verði í samstarfssamkeppni á grundvelli draga að breyttu deiliskipulagi. Jafnframt skal hefja endurskoðun á skipulagi vesturhluta Laugardals, enda fyrirséð að tilkoma þjóðarhallar hefur margvísleg áhrif á aðstæður og gott að skoða skipulag svæðisins heildstætt og í samhengi við aðrar fyrirhugaðar breytingar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja að efnt verði til samstarfssamkeppni á grundvelli draga að breyttu deiliskipulagi. Jafnframt að hafin verði endurskoðun á skipulagi vesturhluta Laugardals í ljósi áforma um byggingu þjóðarhallar á svæðinu. Í ljósi umræddra framkvæmda og aukinnar starfsemi í Laugardal er mikilvægt að ekki verði þrengt að almennri umferð á Suðurlandsbraut.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Breytingin felur í sér umtalsverðar breytingar á nærumhverfinu. Lóðir umhverfis minnka og að sama skapi og bílastæðum. Ekki er gert ráð fyrir nýjum bílastæðum á lóðinni, einungis nauðsynlegum aðkomusvæðum vegna viðburða. Með því reisa mannvirki þarna segir það sig sjálft að eitthvað þarf að láta undan. Mestu

áhyggjurnar eru samnýting hallarinnar og óvissunni í því sambandi. Munu Ármann og Próttur fá þarna tryggja aðstöðu? Munu nemendur og félag Laugardalsins fá þarna tryggja íþrótt- og æfingaaðstöðu? Ekki hefur lengi verið rætt við skólayfirvöld eða foreldra barna í Laugardal um þessi mál og þau aldrei hvorki spurð né boðið að borðinu þegar rætt er um samnýtingu. Fyrir liggur yfirlýsing frá aðalstjórn Próttar og Glímufélagsins Ármanns þar sem fram kemur að mannvirknið eins og það er kynnt muni ekki leysa aðstöðuvanda íþróttafélaganna í dalnum. Það mun ekki anna þörf hverfisfélaganna fyrir æfingatíma fyrir börn, unglínga og meistaraflokka né æfingar félagsfólks og barna. Þessi félag sem hér eru nefnd munu mæta afgangi ef svo fer sem horfir. Flokkur fólksins vill að farið verði "aftur" í umræðu um þessi mál strax þar sem ráðist verði í að tryggja aðstöðu hverfafélaganna í Laugardal enda um bráðamál að ræða.

11. Lögð fram umsókn Skurnar ehf., dags. 7. desember 2022, um breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi. Í breytingunni sem lögð er til felst að færa reiti C og D til að koma reitunum nær núverandi vegi og koma jafnframt reit C fjær reit B, samkvæmt uppdr. TAG teiknistofu ehf. dags. 9. febrúar 2023. Einnig er lögð fram fornleifaskráning Fornleifastofnunar Íslands frá 2020 og umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 1. mars 2023. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Þórður Már Sigfússon, verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. SN220797

12. Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa, dags. 7. mars 2023. USK22120096
13. Lagt fram afgreiðslubríf, dags. 2. mars 2023, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vallár. USK23010259
14. Lagt fram afgreiðslubríf, dags. 2. mars 2023, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturgötu 61, ásamt fylgiskjölum. Tillagan var áður samþykkt í auglýsingu með röngum uppdrætti á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 11. janúar 2023 og á fundi borgarráðs 19. janúar 2023 og er nú lagt til að tillagan verði á ný afgreidd í auglýsingu með réttum gögnum. SN220428
15. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lýsingu við Sundhöll við Barónsstíg, sbr. 21. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 23. nóvember 2022 ásamt umsögn skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 7. mars 2023. Vísað frá með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Fulltrúi Vinstri grænna situr hjá. USK22110143

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fyrirliggjandi tillaga Sjálfstæðisflokksins um bættu lýsingu við Sundhöllina var lögð fram í nóvember sl. og hefur því orðið óeðlilega mikill dráttur á afgreiðslu hennar. Sérkennilegt er að þegar tillagan er loks tekin til afgreiðslu, skuli meirihlutinn kjósa að vísa henni frá um leið og lagðar eru fram upplýsingar um að til standi að koma tillögunni góðu til framkvæmdar með því að bæta lýsingu á umræddum stað.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það á að setja LED perur í stað þeirra gömlu og bæta þar með lýsinguna samkvæmt umsögn. Hér má alveg staldra við og leggja meira í verkið, gera t.d. lýsinguna fallegri og beina ljósgjöfum á mikilvæga staði og jafnvel minnka ljósmengun til himins. Þetta verk má hugsa upp á nýtt í stað þess að hugsa aðeins “staura með sterkum perum”. Ekkert mjög hlýlegt við það og fallegt.

16. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Vinstri grænna um átak í að koma í veg fyrir margs konar stöðubrot í miðborg Reykjavíkur, sbr. 16. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 8. mars 2023.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar. USK23030097
17. Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um biðsal fyrir farþega á Hlemmi, sbr. 17. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 8. mars 2023.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar. USK23030088
18. Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rekstraráætlun borgarlínu, sbr. 16. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 1. mars 2023.
Vísað til umsagnar Betri samgangna. USK23030009
19. Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Vinstri grænna um aðgerðaráætlun loftlagsmála 2021 - 2025, sbr. 20. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 8. mars 2023.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, deildarstjóra loftlagsmála. USK23030102
20. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fækkun bílastæða, sbr. 20. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 1. mars 2023.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar. USK23030014
21. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um tafir á nýjum tunnum, sbr. 20. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. febrúar 2023.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða. USK23020174
22. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um tafir á sorphirðu, sbr. 19. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. febrúar 2023.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða. USK23020173
- Kl. 11:27 vikur Alexandra Briem af fundi.
23. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Ábendingar hafa borist um að lýsingu sé ábótavant við battavellina hjá Ingunnarskóla og Sæmundarskóla í Grafarholti og að það háí íþróttaiðkun barna og unglinga í hverfinu. Lagt er til að úr þessu verði bætt hið fyrsta.
- Frestað. 1658682
24. Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvað myndi það kosta að endurnýja vagnafloata strætisvagna sem ganga innan Reykjavíkur? Hvað er gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg leggi fram mikið fé til að kaupa vagnþjónustu frá verktökum á ári, næstu árin hjá Strætó? USK23030210

25. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Uggur er í Seltirningum varðandi mögulegar breytingar í sambandi við hringtorgið í Vesturbæ við JL húsið og að setja eigi svo kölluð T gatnamóta. Ef úr verður, verður ekki lengur hægt að taka vinstri beygju frá vesturenda JL-hússins, Hringbrautar 121 inn á Eiðisgrandann í Vesturátt út á Seltjarnarnes. Flokkur fólksins spyr hvort ekki eigi að ræða við Seltirninga um útfærslur og áhrif þeirra. Hér er einmitt mál af þeirri stærðargráðu að hafa á samráð eða eiga samtál við nágrannasveitarfélag? Vegagerðin er með þetta mál enda þjóðvegur í þéttbýli. Borgin er vissulega með skipulagsvaldið. USK23030208

26. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Flokkur fólksins er með nokkrar spurningar um ófarir GAJU og flokkunarstöðvarinnar (lokun hennar) og óskar eftir upplýsingum um málið. Spurt er hver sé ábyrgð fulltrúa meirihlutans í stjórn fyrirtækisins á því tímabili sem ákvarðanir um þetta mál var tekið? Spurt er hvort gera eigi úttekt á rekstri Sorpu af óháðum aðila? Óskað er jafnframt eftir að fá upplýsingar um hver staðan er í rekstri þessa fyrirtækis sem kostað hefur skattborgara milljarða króna. Í umfjöllun blaða um flokkunarstöð Sorpu er haft eftir framkvæmdastjóra að milljarður hafi farið í súginn vegna flokkunarstöðvarinnar. Í sömu tilvitnun segir framkvæmdastjóri að með lokun stöðvarinnar sparist einnig árlega 250 milljóna rekstrarkostnaður. Þetta er afar óljóst og lítur einna helst út að þær 250 milljónir hafi á síðustu 4 árum farið a.m.k. að einhverju leyti í sóun á fjármunum. Flokkur fólksins óskar skýringa á þessu. USK23030213

Fundi slitið kl. 11:40

Pawel Bartoszek

Aðalsteinn Haukur Sverrisson
Hjálmar Sveinsson
Líf Magneudóttir

Björn Gíslason
Kjartan Magnússon